

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um biðlista eftir eftir félagslegu leiguhúsnæði dags. 22.9.2016 - R16010160

Fyrirspurn:

Hversu margir eru á biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði í Reykjavík og hversu margir af þeim teljast vera í brýnni þörf? Þá er óskað eftir upplýsingum um hvernig skiptingin er á milli einstaklinga og fjölskyldufólks og þá hversu mörg börn og ungmenni yngri en 18 ára eru á framfærslu þeirra sem á biðlistanum eru. Þá er óskað eftir upplýsingum um hversu margir eldri borgarar eru á biðlista. Úttektin skal miðast við 15. september 2016.

Svar: Upplýsingarnar miðast við biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði í lok september 2016.

Í lok september 2016 voru 826 umsækjendur á biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði í Reykjavík. Þar af voru 612 í mikilli þörf. Í töflu 1 sést skipting hópsins eftir fjölskyldugerð og þörf og í töflu 2 kemur fram að fjöldi barna umsækjenda er samtals 331, miðað við börn yngri en 18 ára sem lúta forsjá umsækjenda og/eða dvelja hjá þeim í reglubundinni umgengni. Tafla 3 sýnir fjölda umsækjenda skipt eftir aldri og þörf. Fjöldi 67 ára og eldri er samtals 29. Þar af eru 25 í mikilli þörf.

Tafla 1. Fjöldi umsækjenda, skipt eftir fjölskyldugerð og þörf.

Fjölskyldugerð	Mikil þörf	Þörf	Samtals
Einhleypur karl	363	71	434
Einhleyp kona	163	39	202
Einstæður faðir	4	3	7
Einstæð móðir	69	84	153
Hjón/sambýlisfólk barnlaus	7	6	13
Hjón/sambýlisfólk með börn	6	11	17
Samtals	612	214	826

Tafla 2. Fjöldi barna umsækjenda skipt eftir þörf*

	Mikil þörf	Þörf	Samtals
Fjöldi barna	166	165	331

*Um er að ræða börn sem lúta forsjá umsækjenda og/eða eru í reglubundinni umgengni hjá foreldri.

Tafla 3. Fjöldi umsækjenda skipt eftir aldri og þörf

Aldur	Mikil þörf	Þörf	Samtals
18-39 ára	371	132	503
40-66 ára	216	78	294
67 ára og eldri	25	4	29
Samtals	612	214	826

Umsækjendur um sérstakar húsaleigubætur þurfa að fullnægja skilyrðum 4. gr. reglna um félagslegar leiguíbúðir og sérstakar húsaleigubætur í Reykjavík. Þegar fyrir liggur að umsækjandi fullnægir skilyrðum 4. gr. þessara reglna, skilyrðum laga nr. 138/1997 um greiðslu húsaleigubóta og að auki eftirtöldum skilyrðum 7. gr. sömu reglna má bjóða viðkomandi sérstakar húsaleigubætur.

- a) Einstaklingur/hjón/sambúðarfólk: Aðstæður umsækjenda verða að vera metnar til 9 stiga eða meira. 1)
- b) Einstaklingur/hjón/sambúðarfólk með eitt barn: Aðstæður umsækjenda verða að vera metnar til 11 stiga eða meira. 1)
- c) Einstaklingur/hjón/sambúðarfólk með tvö börn eða fleiri: Aðstæður umsækjenda verða að vera metnar til 12 stiga eða meira.

Um er að ræða eitt og sama regluverkið og matsblað fyrir félagslegt leiguhúsnæði og sérstakar húsaleigubætur. Umsækjendur geta óskað eftir að umsókn þeirra um félagslegt leiguhúsnæði gildi áfram ef þeir hætta að fá sérstakar húsaleigubætur á almennum markaði sbr. 10. gr. reglna um félagslegar leiguíbúðir og sérstakar húsaleigubætur í Reykjavík og fara þær umsóknir á sérstakan biðlista. Af þeim 826 sem voru á biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði 1. október 2016 fengu 156 almennar húsaleigubætur. Á sama tíma fengu 908 notendur sérstakar húsaleigubætur á almennum markaði. Erfitt er að meta hvort biðlistinn endurspegli þörf sem er til staðar fyrir félagslegt leiguhúsnæði því margir þættir hafa áhrif á eftirspurnina. Fyrst og fremst er það þó framboð á öðru ódýru húsnæði. Af þeim sem voru á biðlista 1. október 2016 voru 74% í brýnni þörf fyrir húsnæði.